

Lög Lionsklúbbs Mosfellsbæjar Úa.



1. grein:

Félagið heitir Lionsklúbbur Mosfellsbæjar Úa.

2. grein:

Heimili félagsins og varnarþing er í Mosfellsbæ.

3. grein:

Tilgangur félagsins er tvíþættur:

- a) Að skapa vettvang fyrir frjálsar umræður um öll málefni, sem almenning varðar, að því tilskyldu að ekki séu rædd meðal klúbbfélaga málefni stjórnmalaflokka né heldur sértrúarhópa.
- b) Að hvetja félagslynda menn til að þjóna byggðarlagi sínu án persónulegs ávinnings og að stunda líkna starfsemi.

4. grein:

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með tvennum hætti:

- a) Að tengjast öðrum Lionsklúbbum vináttuböndum, góðs félagsanda og gagnkvæms skilnings.
- b) Félagar séu tilbúnir til að stunda sjálfboðastarf og fjáraflanir meðal almennings. Þeim fjármunum sem safnað verður meðal almennings verður varið (að frádregnum beinum kostnaði) til líkna verkefna samkvæmt samþykkt félagsfundar hverju sinni.

5. grein:

Stofnfélagar eru alls 35, sjá viðhengi.

6. grein:

Enginn fær inngöngu í félagið nema vera boðin innganga af starfandi félaga.

7. grein:

Stjórn félagsins skal skipuð 5 félagsmönnum, formanni, ritara, gjaldkera. fráfaramandi formanni og varaformanni, formaður félaganefndar hefur rétt til setu á stjórnarfundum. Stjórnarmenn skulu kosnir til eins árs í senn. Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfundum.

Daglega umsjón félagsins annast formaður.

Firmaritun félagsins er í höndum formanns.

8. grein:

Starfstímabil félagsins og reiknisár er 1. júlí til 30. júní. Aðalfundur skal haldinn í mars /apríl og þar kosið/valið í stjórnir (aðal/vara) og nefndir. Starfsárinu gerð skil. Reikningar félagsins skulu gerðir upp strax að loknu reikningsári og lagðir fyrir á fyrsta fundi nýs starfsárs. Á þeim fundi skal einnig leggja fram fjárhagsáætlun og tillögu að árgjaldi.

9. grein:

Ákvörðun um slit félagsins verður aðeins tekin á aðalfundi með auknum (2/3 hluta) meirihluta greiddra atkvæða og renna eignir þess þá til Verkefnasjóðs Lionshreyfingarinnar á Íslandi.

10. grein:

Lögum þessum er aðeins hægt að breyta á aðalfundi með auknum (2/3 hluta) meirihluta greiddra atkvæða.

11. grein:

Að öðru leyti starfar klúbburinn í samræmi við samþykktir Alþjóðasamtaka Lionsklúbba.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi klúbbsins þann 2. mars 2009

Dagný S. Finnsdóttir
Formaður

Kristín Davíðsdóttir
Ritari

Svanhildur Þorkelsdóttir
Gjaldkeri